

Samkomulag um framlengingu kjarasamnings SFR og Fríhafnarinnar

1.gr.

Gildistími

Kjarasamningur aðila framlengist og gildir frá 1. janúar 2016 og til 31. desember 2018 með þeim breytingum sem hér greinir.

2. gr.

Laun

Nýjar launatöflur skv. forskj. 1 taka gildi 1. janúar 2016, 1. maí 2017 og 1. maí 2018

Aðrar launabreytingar

Almennar launahækkningar á tímabilinu verða eftirfarandi:

1.janúar 2016 hækka laun um 6,2%

1.maí 2017 hækka laun um 4,5%

1.maí 2018 hækka laun um 3,0%

3. gr.

Hækkun mótframlags í lífeyrissjóð

Mótframlag í lífeyrissjóð hækkar í þrepum og verður eftirfarandi:

Frá 1. júní 2016: 8,5%

Frá 1. júní 2017: 10,0%

Frá 1. júní 2018: 11,5%

Starfsmenn sem nú njóta 11,5% mótframlags í LSR gegn lækkun launa sbr. b) liður gr. 11.1.1 í kjarasamningi skulu njóta jafnra réttinda þannig að launalækkun þeirra skv. ákvæðinu fari stigminkandi á tímabilinu.

4. gr.

Desember og orlofsuppbætur

Desemberuppbót m.v. fullt starf:

Árið 2016 kr. 82.000

Árið 2017 kr. 86.000

Árið 2018 kr. 89.000

Orlofsuppbót m.v. fullt starf:

Árið 2016 kr. 44.500

Árið 2017 kr. 46.500

Árið 2018 kr. 48.000

5. gr.

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf, 173,33 stundir á mánuði skulu vera sem hér segir fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem hafa starfað a.m.k. sex mánuði samfelld hjá fyrirtækinu:

Á árinu 2016 kr. 260.000

Frá 1. maí 2017 kr. 280.000

Frá 1. maí 2018 kr. 300.000

Mánaðarlega skal greiða uppbót á laun viðkomandi starfsmanna sem ekki ná framangreindum tekjum en til tekna í þessu sambandi teljast allar greiðslur, þ.m.t. hverskonar bónus -, álags-, og aukagreiðslur sem falla til innan ofangreinds vinnutíma. Launauppbót vegna lágmarkstekjutryggingar skerðist ekki vegna samningsbundinnar launahækkunar vegna aukinnar menntunar sem samningsaðilar standa sameiginlega að.

Laun fyrir vinnu umfram 173,33 stundir á mánuði og endurgjald á útlögðum kostnaði reiknast ekki með í þessu sambandi.

6. gr.

Gjald í orlofssjóð SFR

Orlofsgjald í orlofssjóð SFR hækkar frá og með 1. janúar 2016 í 0,50% af heildarlaunum félagsmanna SFR sem starfa hjá Fríhöfninni.

7. gr.

Breyting á gr. 3.1

Um laun verslunarstjóra, vaktstjóra og deildarstjóra fer eftir ráðningarsamningum. Þó skulu laun þeirra taka breytingum skv. kjarasamningsbundnum hækkunum á hverjum tíma, nema um annað sé sérstaklega samið.

8. gr.

Afgreiðsla kjarasamningsins

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamningsins fyrir kl. 16:00 2. mars 2016.

Reykjavík 19.febrúar 2016

F.h. Fríhafnarinnar


Kristín Þarflewsdóttir
Þórey Ragnarsdóttir
Þórey Þórunn

F.h. SFR

Árni St. Jónsson
Ólafur Jónsson
Gusti Þór
Ásta Stef
Þeodor Kárhjónsson
Dígríður Baldursdóttir
Rhin Guðrún Þórunn

Bókun um eingreiðslu:

Við samþykkt samningsins fá þeir starfsmenn sem voru við störf 1. janúar sl. og eru enn við störf 1. mars 2016 eingreiðslu að upphæð kr. 32.000 sem reiknast miðað við starfshlutfall og starfstíma á tímabilinu.



	Ný launatafla	4,5% hækkun	3% hækkun
Sölumaður, lagermaður	1.jan.16	1.maí.17	1.maí.18
Byrjunarlaun	265.098	277.027	285.338
Eftir 1 ár þrep 2	268.794	280.890	289.316
Eftir 3 ár þrep 3	279.099	291.659	300.409
Eftir 5 ár þrep 4	283.742	296.510	305.406
Eftir 7 ár þrep 5	290.023	303.074	312.166
Eftir 10 ár þrep 6	294.496	307.749	316.981
Sölumaður með vaktstjórn	1.jan.16	1.maí.17	1.maí.18
Byrjunarlaun	300.058	313.561	322.968
Eftir 1 ár þrep 2	317.145	331.416	341.359
Eftir 3 ár þrep 3	328.712	343.504	353.809
Eftir 5 ár þrep 4	334.833	349.900	360.397
Eftir 7 ár þrep 5	342.672	358.092	368.835
Eftir 10 ár þrep 6	348.079	363.742	374.655
Skrifstofufólk	1.jan.16	1.maí.17	1.maí.18
Byrjunarlaun	314.432	328.581	338.439
Eftir 1 ár þrep 2	330.418	345.286	355.645
Eftir 3 ár þrep 3	342.280	357.683	368.414
Eftir 5 ár þrep 4	349.091	364.800	375.744
Eftir 7 ár þrep 5	357.574	373.665	384.875
Eftir 10 ár þrep 6	363.597	379.959	391.358

Almennar hækkunir eru 6,2% 1. janúar 2016